

Kíkir

Reykjavík 3. maí 2018
UST201804-151/P.V.B.
09.06.01

Efni: Umsókn um leyfi til ljósmynda- eða kvikmyndatöku á friðlýstum svæðum

Umhverfisstofnun hefur móttengið erindi Kíkis dags. 14. apríl 2018, vegna leyfis til kvikmyndatöku í Dyrhólaey, Reynisfjöru, Svínafellsjökuli, Fjallsárslóni, Jökulárslóni, Geysi, Þingvöllum og Látrabjargi á tímabilinu 12-19. maí vegna kvikmyntöku í tengslum við gerð heimildarmyndar.

Dyrhólaey var friðlýst árið 1978, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 101/1978. Óheimilt er að trufla dýralíf á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun getur takmarkað ferðir um eyjuna á tímabilinu 1. maí til 25. júní.

Látrabjarg, Geysir og Reynisfjara eru á náttúruminjaskrá.

Vegna Svínafellsjökulls, Fjallsárslóns og Jökulárslóns þarf að sækja um leyfi til Vatnajökulþjóðgarðs ef tölur fara fram innan marka þjóðgarðsins,

Vegna Þingvalla þarf að sækja um leyfi til Þingvallapjóðgarðs fyrir tölum innan þjóðgarðsins.

Lýsing framkvæmdar:

Að tölunum koma 5 manns með léttu myndavél á öxl og þrífót. Jafnframt verður notaður dróni til að taka upp myndefni af svæðunum og nánasta umhverfi. Áætlað er að tölurnar taki hálfan til einn dag á hverju svæði. Munu þær fara fram innan göngustíga.

Áhrifamat:

Ekki þarf leyfi Umhverfisstofnunar fyrir tölum við Geysi, Látrabjarg og Reynisfjöru. Varp fugla verður hafið þegar ráðgert er að tölur fari fram í Dyrhólaey. Hætta er talin á að flug dróna á svæðinu hafi neikvæð áhrif á fuglalíf. Tölur á jörðu niðri með myndavél á öxl eða þrífæti innan göngustíga eru ekki taldar líklegar til að hafa neikvæð áhrif á svæðið.

Niðurstaða:

Umhverfisstofnun óskaði eftir frekari upplýsingum um flugleið og flughæð dróna í Dyrhólaey. Í svari umsækjanda kom fram að myndefnið væri af svæðinu og því í næsta nágrenni. Ekki liggur því fyrir nákvæm lýsing á tilhögun á tölum með dróna og synjar því Umhverfisstofnun umsókn um leyfi til kvikmyndatöku með dróna innan friðlandsins í Dyrhólaey. Umhverfisstofnun metur sem svo að tölur á jörðu niðri með kvikmyndavél

á öxl eða þrifæti séu ekki leyfisskyldar fari þær fram innan afmarkaðra göngleiða á svæðinu

Umsækjanda er bent á að fylgjast með tilkynningum frá Umhverfisstofnun þar sem tilkynnt verður um fyrirkomulag lokana í Dyrhólaey á varptíma fugla. Gert er ráð fyrir að eyjan verði lokuð fyrir allri umferð frá byrjun maí til 25. júní frá kl. 19:00 – 9:00.

Umhverfisstofnun bendir á að allur akstur utan vega er bannaður og á Dyrhólaey er öll umferð fólks takmörkuð við vegi og göngustíga á varptíma fugla.

Gjaldtaka

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi til kvikmyndagerðar og/eða myndatöku. Gjaldið er 26.400, sbr. 24. gr. b. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Kæruheimild

Ákvörðun þessa er hægt að kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 11. gr. laga nr. 97/2004. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt um, eða mátti vera kunnugt um, ákvörðun þessa.

Þar sem dróni er notaður við tökum á svæðum á náttúruminjaskrá óskar Umhverfisstofnun eftir því að tekið verði tillit til aðstæðna við varpsvæði fugla og horfið frá tökum ef tökurnar eru að hafa áhrif á atferli þeirra.

Virðingarfyllst



Sigrún Ágúsdóttir
Sviðstjóri



Hákon Ásgeirsson
Teymistjóri